

Terra umhverfisþjónusta hf.
Berghella 1
221 Hafnarfjörður

Selfoss, 20.10.2023
UST202301-246/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 5. september 2023 - Terra umhverfisþjónusta hf., Rangárvöllum, Akureyri

Þann 5. september sl. fór fram eftirlit á Rangárvöllum á Akureyri, í Terru Umhverfisþjónustu hf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Kar með ísogsefnum er staðsett undir neyðarsturtu þar sem móttaka spilliefna fer fram. Það leiðir af sér að neyðarsturtan telst síður aðgengileg ef bregðast þyrfti við í neyðartillfellum og því betra að finna karinu hentugri geymslustað.

Þrjú frávík komu fram er varða:

1. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal vakta samsetningu frárennslisvatns, bæði innihald söfnunarþróa fyrir hverja tæmingu sem og úttak olúskilju einu sinni á ári, þ.e. fyrir 1. október ár hvert. Skal niðurstöðum þeirra mælinga skilað samfara niðurstöðum skráninga sbr. 5.1. í starfsleyfi.
2. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Niðurstöður skráninga sbr. 5.1. í starfsleyfi skal skilað af rekstraraðila fyrir 1. maí árlega. Hægt er að vísa til skýrslu um grænt bókhald ef ofangreindar niðurstöður koma fram í bókhaldinu. Ekki koma fram allar skráningar í grænu bókhaldi ársins 2022.
3. Gr. 5.5 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi var ekki skilað fyrir 1. maí. Því var skilað þann 29. ágúst síðastliðinn og telst því frávikið lokað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 6. nóvember 2023.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur